

REGLUR

um greiðslu sjúkratrygginga fyrir almenna læknishjálp.

1. gr.

Sjúkratryggingar greiða fyrir almenna læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá lækni, sem uppfyllir skilyrði 2. gr. og er aðili að samningi við Tryggingastofnun ríkisins sbr. þó 3. gr.

Greiðsla sjúkratrygginga fyrir almenna læknishjálp utan sjúkrahúsa skal vera í samræmi við reglugerð um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði við heilbrigðisþjónustu, nú nr. 68/1996.

2. gr.

Læknir sem hyggst starfa eftir samningi sem Tryggingastofnun ríkisins hefur gert um almenna læknishjálp utan sjúkrahúsa skal uppfylla a.m.k. eitt eftirtalinna skilyrða:

1. Vera sérfræðingur í heimilislækningum.
2. Hafa almennt heimilislækningaleyfi (Evrópulæknaaleyfi) útgefið af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 1. gr. a reglugerðar nr. 311/1986 um veitingu lækningaleyfis og sérfræðileyfa, sbr. (1.) breytingu á þeirri reglugerð nr. 521/1995.
3. Hafa staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á almennu heimilislækningaleyfi (Evrópulæknaaleyfi) frá öðru EES-ríki skv. 3. gr. a reglugerðar nr. 244/1994 sbr. (2.) breytingu á þeirri reglugerð nr. 486/1995.
4. Leggja fram vottorð frá EES-ríki um að hann hafi hinn 31. desember 1994 mátt veita almenna læknishjálp sem almannatryggingakerfi þess ríkis greiðir fyrir.

3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. greiða sjúkratryggingar fyrir almenna læknishjálp sem veitt er af eftirtöldum:

1. Lækni, sem þegar er aðili að samningi við Tryggingastofnun ríkisins um almenna læknishjálp utan sjúkrahúsa.
2. Læknanemum, læknakandidötum eða læknum með almennt lækningaleyfi sem uppfylla ekki skilyrði 2. gr. en starfa tímabundið á heilsugæslustöð eða undir handleiðslu sjálfstætt starfandi heimilislæknis.
3. Lækni með almennt lækningaleyfi sem uppfyllir ekki skilyrði 2. gr. en er að ávinna sér rétt til almenns heimilislækningaleyfis (Evrópulæknaaleyfis) skv. 1. gr. a reglugerðar nr. 311/1986 um veitingu lækningaleyfis og sérfræðileyfa, sbr. (1.) breytingu á þeirri reglugerð nr. 521/1995.

4. gr.

Reglur þessar eru settar með stoð í 66. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 með síðari breytingum til að fullnægja skilyrðum IV. bólsks tilskipunar ráðsins 93/16/EEB frá 5. apríl 1993 um að greiða fyrir frjálsum flutningum lækna og um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum þeirra, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 27. júní 1996.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Sólveig Guðmundsdóttir.